

Ð-saga

Einn daginn fór leikskólinn hennar _____ í dagsferð til að skoða dýrin á sveitabænum. Þegar krakkarnir komu út úr rúturnni tók bónindinn á móti þeim og bað þau um að fylgja á eftir sér.

Fyrst fóru þau út í fjósið til að skoða kýrnar. Þær voru mjög órólegar og bauluðu mjög mikið.

”Hvað er nú þetta?” sagði bónindinn. ”Hvar eru kálfarnir? Ég ætlaði að sýna ykkur þá líka, en kannski hefur vinnumaðurinn tekið þá út í dag. Jæja, höldum áfram í fjárhúsið. Þar get ég sýnt ykkur lömbin sem fæddust í nótt.”

En þegar þau gengu inn í fjárhúsið kom strax í ljós að þar voru engin lömb.

”Hvað er nú á seyði?” hrópaði bónindinn upp yfir sig. ”Eru lömbin líka horfin!? En þau voru hérrna rétt áðan!”

Nú var bónindinn orðinn áhyggjufullur og kannaði málið nánar. Öll dýrabörnin virtust vera horfin: bæði lömb, kálfar, folold, grísir, hvolpar og kettlingar.

Aumingja bónindinn var alveg niðurbrotinn og fór inn í hús til að tilkynna lögreglunni um þetta dularfulla dýrahvarf.

Á meðan hlupu börnin úr leikskólanum milli húsa á bónabænum og reyndu að finna dýrabörnin. _____ gáði bak við hlöðu og þá gerðist dálitið skrýtið. Allt í einu kom lítill dreki fljúgandi. Hann var í miklu uppnámi og hrópaði upp yfir sig: ”Þú verður að hjálpa mér! Vondi galdrakarlinn hefur tekið

litlu systur mína og öll hin dýrabörnin. Ég slapp í burtu af því að ég er sá eini sem var búinn að læra að fljúga!”

”En hræðilegt!” sagði _____.

”Auðvitað vil ég hjálpa þér. Komdu, við skulum finna kastala galdrakarlsins og fá hann til að skila dýrabörnunum aftur.”

Þau fóru strax af stað. Þegar þau voru búin að ferðast lengi, lengi komu þau að stórum kastala sem var alveg að hruni kominn

”Er þetta kastali galdrakarlins?” spurði _____.

”Hmm,” sagði drekinn. ”Ég hugsa ekki, en við skulum samt spyrja til öryggis.”

Þau fóru að kastalanum og börðu að dyrum. Dyrnar opnuðust með ískri og lítill draugur sveif fram í dyragættina. Hann virtist vera mjög dapur. ”Úú-húú!” kveinaði hann.

”Hvað er að, draugur?” spurði _____.

”Allir draugar á landinu eru að fara á draugaball í kvöld. Mig langar líka, en ég get það ekki,” sagði draugurinn eymsdarlega og fór að gráta.

”Æ, æ,” sagði _____ og fór að hugga drauginn. ”Segðu mér nú hvað er að. Hvers vegna geturðu ekki farið á ballið?”

”Af því að ég kann ekki að dansa,” hikstaði litli draugurinn.

”Nú, er það bara þess vegna,” sagði _____ uppörvandi. ”Ekkert mál! Ég get alveg kennt þér að dansa!”

Og svo sýndi hún draugnum nokkur dansspor og hjálpaði honum að læra þau. Áður en varði

var hann orðin hinn prýðilegasti dansari.

Draugurinn var mjög þakklátur.

"Viltu ekki koma með mér á draugadansleikinn?" spurði hann.

"Nei, því miður," sagði _____. "Ég þarf að halda áfram. Við erum að leita að kastala galdrakarlsins af því að hann stal öllum dýrabörnunum og ég ætla að fá hann til að skila þeim".

"Úú-húú, það gæti kannski orðið hættulegt," sagði draugurinn. "Veistu hvað! Af því að þú hefur verið svo hjálpsamur vil ég gefa þér þennan galdrapoka. Hann getur kannski hjálpað þér að sigrast á galdrakarlinum. Pokinn er þeirrar náttúru að þegar maður tekur eitthvað upp úr honum þá er það einmitt það sem maður þarf á að halda."

_____ þakkaði fyrir sig og hún og drekinn héldu áfram. Fyrr en varði voru þau komin að kastala galdrakarlsins og bönkuðu að dyrum.

Galdrakarlinn kom til dyra. "Jæja?" hreytti hann út úr sér og horfði illilega á _____ og drekann. "Hvað viljið þið?"

"Við vitum að þú stalst dýrabörnunum," sagði _____, "og þú átt að skila þeim öllum!"

"Já, og þú tókst líka systur mína," sagði drekinn. "Slepptu henni strax aftur!"

Galdrakarlinn glotti og veifaði vísifingrinum fram og aftur. "Nei, nei, litlu vinir. Þannig virkar það ekki. Ef ég á að skila dýrabörnunum aftur þurfið þið að leysa fyrir mig erfiða þraut."

"Hvaða þraut er það?" spurði _____.

"Þið þurfið að láta mig fá tíu hluti sem byrja á D, og það strax!"

_____ brosti, því hún var viss um að þetta væri auðvelt fyrst hún var með töfrapokann. Hún rétti höndina niður í hann og dró upp...

...

Nú voru _____ og drekinn búin að leysa þrautina, svo að galdrakarlinn gat ekki annað en sleppt dýrabörnunum. Síðast sleppti hann systur drekans, og það voru nú fagnaðarfundir. Drekarnir tveir blésu eldi hvor á annan því að það er það sem drekar gera í stað þess að faðmast.

Síðan héldu þau ánægð heim á leið – og ég veit ekki annað en að þau hafi komið við á draugaballinu til að dansa svolítið og heilsa upp á draugavin sinn...

[Dýrabörn: Ungi, lamb, folald, kálfur, hvolpur, grís, kettlingur, kiðlingur, kópur, yrðlingur]